



Ársskýrsla 2019 – 2020

Stjórnandi Stóru Lúðró	Anastasia Kiakhidi
Stjórnandi Litlu Lúðró	Martin Markvoll
Stjórnandi Víkingasveitar	Martin Markvoll

Litla Lúðró

Flauta	Hugrún María Hólmgeirsdóttir Julia Krystyna Kowalska
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir Þ. Daniel Einarsson
Altsaxófónn	
Kornett	Bæring Nói Dagsson Igor Mikolaj Kowalski
Trompet	Kristofer Dean Campbell
Píanó	Sesselja Arnþórsdóttir
Gítar	Guðmundur Leó Gunnarsson Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Rafbassi	Þorvarður Hinriksson
Slagverk	Arnar Franz Hauksson Aron Elvar Stefánsson Magnús Ingi Sigfússon
Klukkuspil	Kristbjörg María Álfgeirsdóttir

Milli Lúðró

Altsaxófónn	Bæring Breiðfjörð Magnússon
Kornett	Bæring Nói Dagsson
Trompet	Óskar Örn Ólason
Rafbassi	Þorvarður Hinriksson

Stóra Lúðró

Flauta	Theodóra Björk Ægisdóttir Hera Björk Ragnarsdóttir Íris Anna Sigfúsdóttir
Klarinett	Embla Rós Elvarsdóttir Hulda Salome Gunnarsdóttir
Bassaklarinett	Adda Sigríður Ásmundsdóttir
Altsaxófónn	Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir
Kornett	Helena María Ægisdóttir Bence Petö
Básúna	Gergö Petö Ragnheiður Emma Einarsdóttir
Túba	Hjalti Jóhann Helgason
Píanó (Klukkuspil)	Jóhanna María Ægisdóttir
Slagverk	Ágústa Arnþórsdóttir Elín Hinriksdóttir Ívar Leo Hauksson

Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2019:

Ísól Lilja Róbertsdóttir (hætt námi)
Kristjana Ósk S. Hjaltalín (hætt námi)
Helga Sóley Ásgeirsdóttir (hættur básúnunámi)
Ksenia Kowalska (flutt til Akureyrar)
Helga María Elvarsdóttir (hætt námi)
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir (hætt námi)

Víkingasveitin

Víkingasveitin hélt áfram eftir vel heppnaðan vetur 2018-19 og var nemendum í 10. bekk og eldri boðið að vera með. Einnig var auglýst eftir fyrrverandi nemendum og öðrum hljóðfæraleikurum sem kynnu að leynast úti í bæ og hefðu gaman af að spila aftur í hljómsveit. Sveitin æfði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, klukkutíma í senn. Þátttaka var ókeypis fyrir alla.

Flauta	Jóhanna Ómarsdóttir
Klarinett	Anastasia Kiakhidi Solveig Gunnarsdóttir
Altsaxófónn	Kristín Benediktsdóttir
Trompet	Helena María Ægisdóttir Þórný Alda Ragnarsdóttir
Básúna	Jósep Blöndal
Píanó	Jóhanna María Ægisdóttir
Gítar	Lárus Pétursson
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson
Slagverk	Jóel Bjarki Sigurðarson

Ný hljóðfæri

Lítill og létt bassatromma var keypt í nóvember.

Hjalti Jóhann byrjaði að læra á túbuna sem var keypt vorið 2019.

Foreldrafélag

Í stjórn voru: Edda Baldursdóttir, Solveig Guðmundsdóttir, Steinunn María Þórsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir.

Félagið tók að sér að selja veitingar á Degi tónlistarskólanna 22. febrúar. Félagið sá líka um að halda utan um fjáraflanir þar sem stefnt var að utanlandsferð sumarið eftir. Ekkert varð af ferðinni vegna kórónuveirufaraldurs.

Starfsárið 2019 - 2020

- 4. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró
- 12. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró
- 2. október** Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitinni

Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æfingabúðir voru haldnar laugardaginn 26. október, byrjuðu kl. 9:44 og lauk um kl. 20:00.

Æft var í hópum og saman og að endingu voru haldnir smá tónleikar fyrir foreldra. Í hléi voru leystar nokkrar tónlistarþrautir frá tónlistargyðjunni „Hljómfríði“. Um kvöldið var pizzapartý og horft á tónlistarbíó + Tetris.

16. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æfingabúðir Litlu Lúðró voru haldnar laugardaginn 16. nóvember. Við æfðum bæði í hópum og saman; sex lög fyrir hausttónleika, ásamt nokkrum jólalögum. Í hléinu var tónlistarþraut og verðlaun sem Anastasia bjó til. Að lokum voru foreldratónleikar, pizzaveisla og kvöldskemmtun. Kennarar voru Martin, Anastasia, Hólmgeir og Haffi.

21. nóvember – Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju

Fimmtudaginn 21. nóvember voru hausttónleikar kl. 18 í kirkjunni.

Litla Lúðró spilaði *Haustlag*, *Rokk*, *Trúðadans*, *Nem Kuela*, *Mæja átti litið lamb* og *Sultublús*.

Stóra Lúðró spilaði *Variations on a Theme by Mozart (ABCD)*, *Cheburashka*, *Sirtaki*, *A Mozart Mix* og *Lína Langsokkur*. Þrjár stelpur úr Stóru Lúðró kynntu lögin: Hera Guðrún, Hulda Salome og Íris Anna.

12. desember – Heimsókn í leikskólann kl. 10:00

Litla Lúðró heimsótti leikskólann og spilaði nokkur lög.

16. desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju

Á hátíðartónleikum tónlistarskólans spilaði Litla Lúðró *Bráðum koma blessuð jólin*. Stóra Lúðró spilaði *Ding dong* og *Jólasveinar ganga um gólf*

22. febrúar – Dagur tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um kaffisölu til að safna í ferðasjóð og gekk mjög vel.

14. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró féllu niður vegna kórónuveirufaraldursins.

18. apríl – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró féllu niður vegna kórónuveirufaraldursins.

23. apríl – Vortónleikar lúðrasveitarinnar

Vortónleikar sem áttu að vera sumardaginn fyrsta féllu niður vegna kórónuveirufaraldursins.

24 - 25. apríl – Landsmót SÍSL

Landsmót fyrir skólalúðrasveita sem átti að vera í Reykjanesbæ féll niður vegna kórónuveirufaraldursins.

17. júní – Stóra Lúðró og trommusveit spila á 17. júní.

Spilað í skruðgöngu niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. – Stjórnendur og göngustjórar Anastasia og Hafþór S. Guðmundsson. – Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána*, *Hafið bláa hafið*, *Á Sprengisandi*, *Cheburaschka*, *Prinsessumars*. Nokkrir foreldrar og fullorðnir hljóðfæraleikarar í bænum tóku þátt í göngunni og spiluðu með.

Auk þess hefur

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Stykkishólmi, október 2020

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll